



## **Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra rannsóknaborana við Litla-Meiti og Gráuhnúka**



Birna Lárusdóttir



FS363-07161  
Fornleifastofnun Íslands  
Reykjavík 2008



© Fornleifastofnun Íslands 2008  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efnisyfirlit

|                                                               |           |
|---------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. INNGANGUR.....</b>                                      | <b>4</b>  |
| <b>2. LÖGGJÖF UM FORNLEIFAR .....</b>                         | <b>6</b>  |
| <b>3. AÐFERÐIR OG AFMÖRKUN.....</b>                           | <b>7</b>  |
| <b>4. NIÐURSTÖÐUR SKRÁNINGAR.....</b>                         | <b>9</b>  |
| a. Leiðir .....                                               | 9         |
| b. Minjar á norðurhluta svæðisins (norðan við Eldborgir)..... | 11        |
| c. Minjar á suðurhluta svæðisins (sunnan við Eldborgir).....  | 12        |
| <b>5. BORHOLUR OG SAMHENGIR VIÐ MINJASTAÐI.....</b>           | <b>13</b> |
| <b>6. SAMANTEKT OG LOKAORÐ .....</b>                          | <b>14</b> |
| <b>FORNLEIFASKRÁ .....</b>                                    | <b>15</b> |
| <b>SKRÁ YFIR HNIT Í ISN93.....</b>                            | <b>29</b> |
| <b>HEIMILDIR .....</b>                                        | <b>30</b> |

*Forsíðumyndir, talið að ofan:*

Varða við Lágaskarðsveg (Ár-721:015C)

Þorlákshafnarsel (Ár-544:041)


Varða við Lágaskarðsveg (Ár-721:015D)

Rúst í Sanddölum (Ár-721:081A)

Varða við Lágaskarðsveg (Ár-721:015E)

## 1. Inngangur

Á haustmánuðum 2007 fór fram fornleifaskráning á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum Orkuveitunnar á afrétti Ölfushrepps, nú Sveitarfélagsins Ölfuss, sunnan Hellisheiðar. Meirihluti svæðisins telst til sameiginlegs afréttarlands en sneið syðst og vestast tilheyrði áður Breiðabólstað í Ölfusi skv. landamerkjum á aðalskipulagskorti Ölfuss. Nú heyrir svæði þetta undir Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirhugað er að bora eina rannsóknaholu við Gráuhnúka (sem einnig hafa verið nefndir *Gráhnúkar*) og tvær við Litla-Meiti, aðra sunnan við Eldborg og hina sunnan við Meitilstagl. Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur, sá um vettvangsvinnu og frágang gagna. Stuðst var við heimildasöfnun Orra Vésteinssonar frá 1998.<sup>1</sup> Björn Pálsson, héraðsskjalavörður í Árborg, veitti munnlegar upplýsingar, aðallega um örnefni á svæðinu, og



Rannsóknarsvæðið afmarkað með appelsínugulri línu. Kort frá VGK-Hönnun dagsett 21.03.2007.

eru honum færðar kærar þakkir fyrir hjálpina.

<sup>1</sup> Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. FS064-97013. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

Svæðið sem um ræðir er um 7 x 4 km stórt. Það afmarkast af Þrengslavegi að vestan, nær suður fyrir Meitilstagl og þaðan austur í Lönguhlíð, þá norður um Stóra-Sandfell allt að Þjóðvegi til móts við Skíðaskálann í Hveradölum. Að lokum norðvestur fyrir Þrengslahnúk og þaðan vestur í Þrengsli, hér um bil til móts við malarnámur í Lambafelli.

Alls voru skráðar 12 fornleifar á svæðinu og er fjallað um þær í 4. kafla.

## 2. Löggjöf um fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.“ Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda skv. nýju skipulagi gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (9. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessu hefur verið fylgt við skráninguna, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst. Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum er skylt að geta þeirra takmarkana sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að minjar finnist við jarðrask.

### 3. Aðferðir og afmörkun

Í skýrslu um fornleifar við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði frá 2006 var fjallað sérstaklega um aðferðir við fornleifaskráningu á afrétti Ölfushrepps.<sup>2</sup> Sömu forsendur eru lagðar til grundvallar í þessari fornleifakönnun. Í stuttu máli hafa skráningaraðferðir verið lagaðar að þörfum Orkuveitunnar og því er ekki hægt að flokka skráninguna í heild sinni sem hefðbundna aðal- eða deiliskráningu, enda sum svæði könnuð nánar en önnur. Skráningin skiptist gróflega í þrennt:

- Í fyrsta lagi var gengið um fyrirhuguð borholustæði við Gráuhnúka, sunnan við Eldborg og sunnan við Meitilstagl og sömuleiðis vegarstæði sem þeim tengjast.
- Í öðru lagi voru svæði sem talin voru líklegri en önnur til að geyma fornleifar skoðuð vel. Þetta á helst við um grasgefið undirlendi og svæði í námunda við helstu leiðir. Ekki var gengið á fjöll í leit að fornleifum, enda hefur reynslan sýnt að minni líkur eru á fornleifum á fjöllum upp en á láglandi. Þá fela fyrirhugaðar framkvæmdir Orkuveitunnar ekki í sér rask á fjöllum uppi.
- Leiðir voru skrásettar eins vel og hægt var að ósk Orkuveitunnar. Þær voru að nokkru leyti raktar á vettvangi en einnig af loftmyndum. Var þar stuðst við aðferðir sem þróaðar voru við fyrri skráningu á Hellisheiði.<sup>3</sup>

Svæði sem könnuð voru á vettvangi eru sem hér segir:

- Undirlendi austan og vestan undir Meitlum.
- Lágaskarðsleið, þ.e. aðalleiðin.
- Gamla leiðin um Þrengsli.
- Hveradal aflöt.
- Undirlendi vestan undir Lakahnúkum.
- Undirlendi sunnan, vestan og norðan við Eldborgir.
- Sanddalir að nokkru leyti.
- Hrauntröðin Kvíar.
- Svæðið milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks.

---

<sup>2</sup> Birna Lárusdóttir. 2006. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði. FS327-06261. Fornleifastofnun Íslands.

<sup>3</sup> Sjá Birna Lárusdóttir 2006, bls. 7-8.

Gögn frá VGK-Hönnun sem lögð voru til grundvallar fornleifakönnun eru annars vegar kort sem sýnir afmörkun svæðisins (sjá bls. 3), dagsett 21.03.2007, og hins vegar tvær loftmyndir sem sýna vegarstæði og nákvæma staðsetningu á borholum, dagsettar 28.03.2007 (Gráuhnúkar) og 05.07.2007 (Eldborgir og Meitilstagl), sjá bls. 30-31. Einnig var stuðst við tilkynningar um framkvæmdir frá því í júlí 2007.<sup>4</sup> Hnit í fornleifaskrá eru sýnd í WGS84 en í töflu á bls. 28 hefur þeim verið snúið yfir í landshnitakerfi (ISN93).

---

<sup>4</sup> Rannsóknaboranir við Litla-Meiti, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um framkvæmdir. Júlí 2007. VGK-Hönnun.

Rannsóknaborun við Gráuhnúka, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um framkvæmdir. Júlí 2007. VGK-Hönnun.



#### 4. Niðurstöður skráningar

Alls voru skráðar 12 fornleifar á svæðinu og skiptast þær svo eftir tegundum:

|                           |                |
|---------------------------|----------------|
| Sel                       | 1              |
| Nátt- eða áningarstaðir   | 2              |
| Götur og leiðir           | 4 (með vörðum) |
| Rústir (aðhöld eða annað) | 2              |
| Óskilgreindar hleðslur    | 3              |

Í þessum kafla er sagt stuttlega frá minjunum en ítarlegri umfjöllun með uppdráttum og ljósmyndum er aftar í skýrslunni, í fornleifaskrá á bls. 19. Fyrst er fjallað um leiðir sem teygja sig, eðli málsins samkvæmt, yfir löng svæði. Þá verður fjallað um minjarnar eftir svæðum, fyrst svæðið norðan við Eldborgir en síðan haldið suður á bóginn.

##### a. Leiðir

- **Tæpastígur (Ár-544:044).** Tæpastígur lá upp á fjall norðan við Votaberg, en það er standberg suðvestan í Litla-Meitli. Sennilega hefur stígurinn ekki verið alfaraleið heldur leið smalamanna upp á svæðið sem nefnt er „Milli Meitla“. Þá er mögulegt að einhverjir sprækir ferðamenn hafi kosið að stytta sér leið yfir í Lágaskarð um Tæpastíg.
- **Lágaskarðsvegur (Ár-721:015).** Lágaskarðsvegur var aðalleið þeirra sem komu frá Kolviðarhóli og ætluðu niður í Ölfus. Flestir hafa farið til suðurs milli Lágaskarðshnúks og Þrengslahnúks og þannig í Lágaskarð, sem er austan undir Stóra-Meitli. Á nokkrum stöðum norðan skarðsins sjást troðningar en ekki skýrar götur fyrr en í sjálfu skarðinu. Þar eru tilkomumiklar götur sem járnaðir hófar hafa meitlað í bergið á löngum tíma. Enn sjást fimm uppistandandi vörður í skarðinu sem hafa vísað ferðamönnum leiðina. Úr skarðinu hefur verið um þrjár leiðir að velja: Í fyrsta lagi vestan við Eldborgir og þá væntanlega niður með Meitilstagli austanverðu suður á bóginn. Þetta hefur verið vænleg leið fyrir þá sem ætluðu í

vesturhluta Ölfuss, jafnvel alla leið í Selvog. Í öðru lagi var farið niður í Sanddali og þaðan til suðausturs meðfram Lönguhlíð, væntanlega að bæjunum Litlalandi og Hlíðarenda. Þetta mun hafa verið aðalleiðin, í það minnsta er það hún sem er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1909. Í þriðja lagi var hægt að fara austur Lakadal og meðfram Vestur-Hálsum í stefnu á Hjallahverfi í Ölfusi. Á síðastnefndu leiðinni eru örnefnin Vegarbrekkur og Vörðuhóll til vitnis um ferðir manna.

- **Þrengslaleið (Ár-721:060).** Gamla Þrengslaleiðin lá frá Kolviðarhóli og vestur fyrir Þrengslahnúk, þaðan um þrönga kverk milli hrauns og Meitla en síðan um greiðfærar grundir undir fjallshlíðinni í stefnu á Þorlákshafnarsel undir Votabergi. Götur eru óljósar á nyrðri hluta leiðarinnar en yfirleitt greinilegar þar sem vallendi tekur við. Þær voru raktar suður að Meitilstagli. Grjót hefur verið borið saman á einum stað við göturnar (sjá Ár-544:045) en að öðru leyti virðist hún ekki hafa verið vörðuð.
- **Ónefnd gata (Ár-721:080).** Þessi gata liggur frá austri til vesturs sunnan undir Syðri-Eldborg. Sennlega er hún enn eitt tilbrigði við Lágaskarðsleið, sjá kort á bls. 32. Ein varða fannst við leiðina.

## **b. Minjar á norðurhluta svæðisins (norðan við Eldborgir)**

- **Áningarstaðurinn Hveradalaföt (Ár-721:025).** Flötin er slétt og grasgefin svo af ber og er fast sunnan við þjóðveg heldur austar en gegnt Skíðaskálanum í Hveradölum. Hér mun hafa verið áð á leið austur yfir Hellisheiði en einnig er talið að sumir ferðalangar sem ætluðu suður í Lágaskarð hafi leyft hrossum að grípa niður á flötinni áður en haldið var inn á eyðilandið milli fjallanna. Engar minjar sjást á flötinni aðrar en götuslóðar sem liggja til suðvesturs meðfram hraunbrún, í átt að Lágaskarði.
- **Hleðsluleifar austan undir Stóra-Meitli (Ár-721:082).** Þar sem Stóri-Meitill teygir sig lengst í austur í Lágaskarði, gegnt mynni Lakadals, er graslendi undir totunni að sunnan og var það sennilega ágætur áningarstaður. Þarna vottar óljóst fyrir upphækkun sem gætu verið leifar af gerði. Til að fullvissa sig um að upphækkunin sé ekki af völdum frostverkunar eða umferðartroðnings þyrfti að grafa könnunarskurð.

### c. Minjar á suðurhluta svæðisins (sunnan við Eldborgir)

- **Þorlákshafnarsel (Ár-544:041).** Selið er í landi Breiðabólstaðar en í staðinn fyrir selstöðuna fengu Breiðabólstaðarmenn uppsátur í landi Þorlákshafnar. Í selinu eru miklar og fallegar tóftir, sennilega bæði af seli og kvíum. Vitað er að selið var í notkun í upphafi 18. aldar og ekki ósennilegt að það sé miklu eldra. Tóftirnar eru friðlýstar.
- **Hleðsla við Þrengslaleið (Ár-544:045).** Grjót hefur verið borið saman á einum stað við veginn. Þetta gæti verið nýleg hleðsla en þó ekki útilokað að henni hafi verið ætlað að merkja leiðina eða jafnvel uppgönguleið á fjallið, sem er greið þar upp af leiðinni.
- **Náttstaður undir Votabergi (Ár-544:046).** Þar lágu smalar í Vesturleit eina nótt á haustin. Engin mannvirki sjást undir berginu önnur en hleðslur sem munu vera leifar af leikmynd frá Hrafn Gunnlaugssyni úr kvikmyndinni Myrkrahöfðingjanum.
- **Rúningsrétt í Kvíum (Ár-721:078).** Grjóthlaðin, lítil rétt sem virðist ekki gömul, í það minnsta ekki síðasta byggingarstig hennar. Í réttinni var rúið í vorsmöln.
- **Hleðsla rétt sunnan við Kvíar (Ár-721:079).** Lítil, hringlaga hleðsla, að mestu mosagróin. Sennilega er þetta eldstæði en óvíst um aldur þess.
- **Tvær rústir í Sanddölum (Ár-721:081).** Grjóthlaðnar, veigalitlar rústir í auðn vestan undir sandhól. Rústanna er hvergi getið í heimildum svo vitað sé og óljóst um hlutverk eða aldur þeirra. Helst má giska á að ferðamenn hafi hlaðið skýli í neyð, enda eru þær skammt frá leiðinni um Lágaskarð og Sanddali. Þá gætu veiðimenn (á ref eða rjúpu) e.t.v. hafa haft gagn af slíkum skýlum.

## 5. Borholur og samhengi við minjastaði

Þótt engar sjáanlegar minjar séu inni á fyrirhuguðum borholustæðum er rétt að fjalla stuttlega um hvert og eitt þeirra og skoða staðsetninguna í víðara samhengi, sérstaklega hvað varðar leiðir.

**Borhola A** er fyrirhuguð sunnan við Meitilstagl en austan við vegarslóða sem liggur inn með taglinu til norðurs, í átt að Syðri-Eldborg. Þar er úfið, mosavaxið hraun og engar fornleifar sjáanlegar. Þó má benda á að Þrengslaleiðin gamla hefur legið í námunda við borholustæðið og sameinast slóða sem lá út frá Lágaskarðsleið suður með Meitilstagli austanverðu. Ætla má að leiðirnar hafi komið saman skammt norðan við fyrirhugað borholustæði og legið til suðurs á svipuðum stað og vegarslóðinn er nú. Litlar sem engar líkur eru á að menn hafi lagt leið sína út í úfið hraunið.

**Borhola B** er fyrirhuguð sunnan undir Syðri-Eldborg, rúmlega 200 m suðvestan við vatnskönnunarholu HK-11. Þar er fremur slétt vallendi undir hlíðinni. Engar fornleifar eru sjáanlegar á þessum slóðum en hafa ber í huga að kvísl úr Lágaskarðsleið hefur legið um flatirnar þótt þess sjáist nú ekki merki á fyrirhuguðu borholustæði. Sennilega hafa gamlar götur lent undir núverandi vegarslóða sem liggur upp á Syðri-Eldborg.

**Borhola C** er fyrirhuguð austan við Gráuhnúka, í hvarfi sunnan við dálitla hæð. Þar er sléttlendi, gróið mosa og lyngi. Fyrirhugað er að leggja veg til suðvesturs að holunni út frá vegi sem liggur í átt að Hveradalafliót. Hvorki sjást minjar á sjálfri flötinni þar sem á að bora né heldur á fyrirhuguðu vegarstæði. Þó ber að hafa í huga að kvísl úr Lágaskarðsleið kann að hafa legið í námunda við staðinn þótt þar sjáist ekki áberandi troðningar nú. Troðningar sjást víða í nágrenni við staðinn, sjá nánar kort aftast í skýrslunni.

## 6. Samantekt og lokaorð

Helstu niðurstöður skráningarinnar eru þessar:

- Alls voru skráðir 12 minjastaðir inni á afmarkaða svæðinu.
- Engar fornleifar fundust á fyrirhuguðum borholu- eða vegarstæðum.
- Gamlar leiðir hafa legið í næsta nágrenni við öll framkvæmdasvæðin þótt þar sjáist ekki götur nú.

Það skal ítrekað að þessar niðurstöður miðast við þær áætlanir Orkuveitunnar sem lágu fyrir þegar verkið var unnið. Jafnvel lítilvægar breytingar á áætlunum, t.d. tilfærsla á vegarstæðum eða borholum, geta haft í för með sér kröfu Fornleifaverndar um endurmat áhrifa á fornleifar. Gamlar leiðir eru sá flokkur minja sem krefst einna mestrar aðgæslu framkvæmdaaðila.

Fornleifavernd ríkisins mun taka afstöðu til þess hvort grípa þarf til sérstakra aðgerða vegna mögulegra áhrifa framkvæmda á fornleifar.

## Fornleifaskrá

### ÁR-544 Breiðabólstaður

ÁR-544:041 Þorlákshafnarsel tóftir sel

6358.174N 2127.023V

Í Jarðabók Árna og Páls 1708 segir um Breiðabólstað í Ölfusi: "Skiptuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir




*Votaberg er dökka hamrastálið. Þorlákshafnarsel er græni bletturinn undir klettinum hægra megin við Votaberg.*



*Seltóftin (I.), horft í vestur.*

selstöðu í heimalandi." Í 1. bindi sögu Þorlákshafnar eftir Skúla Helgason segir: "Frá fornu fari mun Þorlákshöfn hafa haft í seli í Breiðabólstaðarlandi í Ölfusi... Þorlákshafnarsel stóð undir Votabergi, sem er skammt fyrir norðan þjóðveginn um Þrengslin, sem svo eru kölluð sunnan Hellisheiðar... Selrústirnar, eins og þær líta út nú á dögum, eru ekki beinlínis við bergið sjálft heldur við lítinn hamraskúta kippkorn frá. Rústirnar eru vallgrónar en skýrar. Aðalhúsið, sem sýnist vera, er um 4 m á lengd og 2 m á breidd, líklega selbaðstofan, en af enda hennar er örlítið hús, sem gæti hafa verið eldhús, en til hliðar og nær skútanum er þriðja húsið, ef til vill mjólkurhús, rösklega 3 m á lengd og 1.5 m á breidd, en við enda þess örlítill kofi, sem gæti hafa verið smalabyrgi eða hundakofi." Á myndasíðum sömu bókar framan við miðju er uppdráttur af selinu sem Kristján Eldjárn hefur gert þann 28.09.1963 og sömuleiðis ljósmynd af Skúla Helgasyni þar sem hann stendur og virðir fyrir sér rústirnar. Þær eru friðlýstar eins og frá segir í

Friðlýsingarskrá: "Breiðabólstaður. Rústir Þorlákshafnarsels undir Votabergi á Hellisheiði. Skjal undirritað af ÞM 20.01.1976. Þinglýst 16.06.1977." Tóftirnar eru enn mjög greinilegar, um 300 m norður af Þrengslavegi en



um 100 m suður af Votabergi, sem er lóðrétt hamrastál sem liggur frá norðri til suðurs vestan í Meitilstagli, sem gengur frá fjallinu Litla-Meitli til suðurs. Selið er um 13 km norður af Þorlákshöfn. Það hefur einnig verið nefnt Hafnarsel, t.d. á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969.

Tóftirnar eru vestan undir stöku bjargi sem er suðvestan Votabergs. Um 20 m vestan tóftanna er ágætlega gróið hraun en grösugar grundir eru undir berginu og þar vestar, sunnan undir fjallinu. Tóftirnar eru tvær og ná alls yfir svæði sem er um 75 x 15 m stórt. Seltóftin sjálf (I.) er norðar og austar, vestan undir háu bjargi. Að auki er stök tóft (II.) 60-70 m suðvestar, austan undir stakri klettaborg. Í meginatriðum skiptist seltóftin (I.) í fjögur hólfið og er alls um 14 x 14 m stór. Tvö sambyggð hólfið liggja í beinni línu til vesturs út frá áðurnefndu bjargi. Það vestara (A) snýr með dyr í vestur og er mjög lítið, um 1 x 0,5 m N-S að innanmáli. Austara hólfið (B) er stærra, um 4 x 1 m að innanmáli frá austri til vesturs og er op á því vestast í norðurátt. Ekki er opið milli hólfa A og B. Mikil gróska er í veggjum sem eru allt að 1,2 m háir að utanverðu. Þessi hólfið virðast samtíða. Hólf C gengur til SSA frá B og er grafið inn í brekku að austanverðu en uppbyggt að vestan. Það er um 3 x 1 m stórt og snýr SSA-NNV. Dyr eru á vesturlanghlið og örlar þar á grjóti í hleðslum. Tóftin er lágreistari og minni gróska í veggjum en í A og B, mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Fjórða hólfið, D, er fast norðan við A og sambyggt því. Það liggur A-V og er um 5 x 1 m stórt að innanmáli. Dyr snúa í norður en hugsanlega



einnig í austur þar sem kletturinn slútir yfir mjög gróskumikinn blett. Vesturhluti D er óskýr og siginn. Um einum metra vestan við D er ónýtt friðlýsingarskilti, þ.e. aðeins staurinn eftir. Í norðanverðum klettinum, sem er austan við tóftirnar, er örlítill skúti innundir bergið og þar hafa verið lagðar hellur. Sennilega er það seinni tíma verk en þó ekki óhugsandi að skútin hafi verið geymslustaður. Skráningunni 2007 virðist bera ágætlega saman við uppdrátt Kristjáns Eldjárns í Sögu Þorlákshafnar. Á henni er þó sýnd ein agnarsmá tóft (nefnd hundakofi) til viðbótar sunnan við hólfið sem hér er kallað C. Tóft II. er rúma 60 m suðvestur af I. Hún er miklu óljósari og



*Tóft II. Horft í suður.*

signari en sú fyrrnefnda og sennilega aðeins um eitt byggingarstig að ræða. Tóftin er hlaðin austan undir klettahól, og hefur verið hlaðið með henni að norðan og austan en kletturinn hefur þjónað sem vesturhlið. Alls er tóftin um 7 x 4 m stór frá norðri til suðurs. Op hefur sennilega snúið í suður. Veggjahleðslur eru mjög óverulegar, aðeins um 0,3 m háar en grjótt gægist upp úr á nokkrum stöðum. Þess má geta að götur liggja milli tófta I. og II., væntanlega gamla leiðin um Þrengsli (sjá ÁR-721:060).

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM II, 440; SH I, 51; Friðlýsingarskrá, 68; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

**ÁR-544:044** *Tæpistígur* heimild um leið

6358.305N 2126.961V

"Upp úr grasgeira ofan við Votaberg er sniðgata í snarbrattri hlíðinni, upp á brúnina, og heitir Tæpistígur," segir í grein í Farfuglinum frá 1975. Votaberg er vestan í Meitilstagli sem gengur til suðurs úr fjallinu Litla-Meitli, skammt ofan við Þorlákshafnarsel 041. Smá grasgeiri er ofan eða norðan við Votaberg.

Ekki sést greinilegur stígur þar nú. Tæpistígur hefur áreiðanlega ekki verið alfaraleið en hugsanlega leið smala eða leitarmanna eða einhverra sem vildu stytta sér leið yfir á Lágaskarðsleið ÁR-721:015. Þegar upp af Tæpastíg er komið er svæði dálítið norðar sem nefnist "Milli Meitla", lögð milli Stóra- og Litla-Meitils. Þar hefur sennilega verið hægt að fara niður af fjalli til austurs og áleiðis norður í Lágaskarð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Farfuglinn 19(1), (1975), 12

**ÁR-544:045** hleðsla óþekkt

6358.233N 2126.898V

Hleðsluleifar eru í krika 500-600 m norðvestur af Votabergi. Grasgeirar undir fjallshlíð. Ofan við staðinn er uppgengt í litla kvos eða dalverpi ofar í hlíðinni. Hrúgan er á mörkum þess að hægt sé að kalla vörðu. Grjót hefur verið borið saman í hrúgu sem er um 1 m í þvermál og um 0,4 m há. Hrúgan er nokkuð mosagróin en tilgangur með henni óljós. Þó hefur gamla þrengslaleiðin ÁR-721:060 væntanlega legið þarna um og mögulegt að hér hafi verið varða við hana. Einnig er mögulegt að ætlunin hafi verið að merkja uppgönguleið á fjallið. **Hættumat:** engin hætta



*Hleðsla 045, horft í norðvestur.*

**ÁR-544:046** heimild um náttstað

6358.233N 2126.898V

Í grein í Farfuglinum frá 1975 segir: "Undir Votabergi lágu Vesturleitarsmalar eina nótt í fyrstu fjárleit á haustin." Votaberg er standberg vestan í Meitiltagli, en það gengur til suðurs frá Meitlum. Bergið sést vel frá þjóðveginum um Þrengsli, hátt og þverhnipt en furðu slétt hamrastál. Skammt suðvestan við það er Þorlákshafnarsel 041. Undir berginu því er grösug brekka mót vestri. Smástallur er undir berginu áður en brekkan tekur við niður á jafnsléttu. Ekki er augljóst hvort smalar hafa hafst við þar eða neðar, undir brekkunni. Í heimildinni er ekki minnst á kofa eða skýli og líklegast að menn hafi hafst við undir berum himni eða e.t.v. í



*Leifar af leikmynd úr Myrkrahöfðingjanum undir Votabergi, horft í suður*

tjaldi. Hleðslur sjást undir berginu, mjög veigalitlar og líta út eins og ókláraðar. Um er að ræða hól, hlaðið á þrjár hliðar, um 4 x 3 m stórt A-V, en bergið skýlir að austanverðu. 6 m sunnan við hólfið gengur bein hleðsla niður frá klettinum til vesturs, rúmlega 8 m löng og 6 m norðan við hólfið er L-laga hleðsla sem gengur fyrst um 4 m til vesturs en sveigir svo um 90° í norður og fjarar þar út eftir 4-5 m. Samkvæmt Hrafn Gunnlaugssyni eru hleðslur þessar leifar af leikmynd úr kvikmynd hans Myrkrahöfðingjanum. Þar var hús fátækra feðga og varð staðurinn fyrir valinu því hægt var að mynda hann af löngu færi og

láta reyk liðast upp með klettunum. Hrafn segir engar mannvistarleifar hafa verið á staðnum þegar hann kom þangað fyrst. **Hættumat:** engin hætta **Heimildir:** Farfuglinn 19(1), (1975), 12

## ÁR-721 Afréttur Ölfushrepps

ÁR-721:015 Lágaskarðsvegur gata leið

6359.878N 2124.555V

Hálfðan Jónsson getur Lágaskarðsleiðar í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: "Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð, Lágaskarð og Sanddalavegur, hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða." Í sóknalýsingu Arnabælis-, Hjalla- og Reykjasókna 1840 segir: "... Lágaskarð vestur á Bolavelli, er alfaravegur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ... Lágaskarð er ... vel rudd." Í Sunnlenskum byggðum er einnig sagt frá leiðinni: "Einnig mátti fara um Lágaskarð sem er austar en Þrengslavegur liggur nú. Þeir sem komu "út á Eyrum" og þurftu að komast fljótt til Þingvalla hafa valið þessa leið. Hún var styst." "Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágaskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur," segir í örnefnalýsingu. Steindór Sigurðsson lýsir Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 1936: "Þessi leið liggur að mestu leyti samhliða Þrengslaleiðinni, en um það bil þremur km austar. Og Meitlarnir mynda takmörkin á milli þeirra. Leiðin liggur .... frá Skíðaskálanum, og stefnir suður yfir lága öldu, um 50 m upp á við af veginum í byrjun. Þegar upp á hana er komið, sér greinilega móta fyrir Lágaskarði. .... Vestan undir [Lákahnúkum] er víðast hvar graslendi, sem ásamt haganum undir Lönguhlíð, austar á leiðinni, hefir orðið til þess að gera leið þessa vinsælli en Þrengslaleiðina. Lágaskarðsleiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Hellsisheiði, allt fram að því að akvegur var gerður yfir heiðina og sjálfsögðust leið allra austanmanna, er um Eyrarbakka komu og fóru yfir Ölfusá í Óseyrarnesi og um Hafnarskeið.... Vestan undir Stóra-Sandfelli er hádepill Lágaskarðsleiðar, 303 m. Skammt austar liggur leiðin niður brekku eina talsvert bratta en ei langa, og þegar kemur á brekkubrúnina, sér vegafarandinn hvar Eldborgarhraunið breiðist út vestur með Meitilstöglunum og allt vestur að Sandfelli.... Með heiðarbrúninni er greiðfær og götumtroðinn grasmói, og heiðin fyrir ofan hann - að suðurbunga Skálafells, heitir Langahlíð. / Norðaustur af Krossfjöllum skiptast leiðir ... en gamla aðalleiðin lá suðaustur með Lönguhlíð, niður hjá Kömbum og Kerlingadrögum, vestanvert við brún Hjallafjalls og annaðhvort austur með fjallsbrúninni, að Hjalla eða suðvestur undir hraunið, að hrauni, sem var fyrrum alkunnur viðkomustaður þeirra, sem Lágaskarð fóru. / Lágaskarðsleið er úr Hveradölum ... austur að Hjalla nál. 24 km."

Leiðin var skráð lauslega við fornleifaskráningu 1998 og þá lýst svona: Leiðin liggur frá Hveradalafliót, undir hliðum Lakahnúka og síðan um breitt skarðið yfir slétt og greiðfært helluhraun (að mestu mosagróið) og síðan niður úr skarðinu (sem er meira eins og grunnt dalverpi en skarð) til Þorlákshafnar og í Selvog. Á herforingjaráðskorti frá 1909 (1:50000) er norðurendi leiðarinnar sýndur vestar en hér [þá er átt við skráninguna 1998] er gert ráð fyrir. Þar liggur Lágaskarðsleiðin útaf Hellsisheiðarvegi undir neðstu brekkum Reykjavells og yfir hraunhólana neðan við Hveradalafliót en sú leið er mun ógreiðfærari þó hún sé styttri. Á kortinu kvíslast leiðin við Lönguhlíð og liggur ein slóð til Breiðabólstaðar en önnur til Hrauns. Um grasi grónar hliðar og slétt helluhraun, mosagróið, mjög greiðfær leið. Vegurinn er lengstaf aðeins kindastígur en nokkur vörðutyppi eru í sjálfu skarðinu (á helluhrauninu) og gætu sum þeirra verið gömul. Á nokkrum stöðum má ímynda sér að hestaumferð hafi gert för í hraunhelluna en hvergi er það skýrt. Þessi leið mun nú ganga undir nafninu Lákastígur (sbr. 020) [Ath. að það er umdeilt og sennilega seinni tíma misskilningur].

Við fornleifaskráningu haustið 2006 var leiðin rakin á loftmynd. Ekki var hægt að rekja hana samfelld en þó sjást götuslóðar hér og þar.



Við fornleifaskráningu árið 2007 var leiðin rakin á vettvangi eins nákvæmlega og hægt var í tengslum við fyrirhugaðar rannsóknarboranir Orkuveitunnar við Gráuhnúka annarsvegar og Litla-Meitið hins vegar. Hér verður byrjað á að lýsa leiðinni sjálfri en síðar verður komið að vörðum við hana. Leiðin um Lágaskarð er sýnd á gömlum kortum, bæði á herforingjaráðskorti frá 1909 og örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969. Nyrsti hluti hennar mun hafa legið frá Kolviðarhóli milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður, hefur bent á að af nöfnum Þrengsla- og Lágaskarðshnúks megi ráða að þeir hafi verið eins konar vörður eða leiðarmerki manna sem komu frá Kolviðarhóli og ætluðu á Þrengslaveginum gamla (Ár-721:060) annars vegar og Lágaskarðsveg hins vegar. Á milli hnúkanna er fremur slétt og breið kvos sem hraun hefur runnið um og er það nú þakið þykum mosa. Erfitt er að rekja leiðina á þessum kafla þótt á nokkrum stöðum sjáist yfirgrónar rásir í mosanum sem gætu verið leifar af götum. Vestan við hraunrennslið er hins vegar grösug kverk og þar sést greinilegur troðningur, nú mikið til gróinn. Raunar er ekki ólíklegt að margir, einkum þeir sem fóru ríðandi, hafi kosið að sneiða hjá hrauninu og fara annaðhvort austan eða vestan við það. Þá verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að menn hafi farið inn á Lágaskarðsveg bæði af þjóðleiðinni frá Reykjavík (semsagt frá Kolviðarhóli) en einnig stýtt sér leið af veginum milli hrauns og hlíðar (Ár-721:019), sem lá t.d. norður í Grafning. Samkvæmt því má ætla að slóðar hafi legið inn á Lágaskarðsveg bæði sem hér segir, milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks en einnig austan við Reykjafell og þá um Hverdalafliot og þar meðfram hraunbrún til suðurs en þar sjást einnig óljósar götur og stundum mun hafa verið áð á Hverdalafliot (sjá 025) enda er hún grasgefin. En aftur að fyrrnefndu leiðinni.



*Gata austan við Þrengslahnúk, horft í suðaustur.*

Þar sem hrauninu milli hnúkanna (Þrengsla- og Lágaskarðshnúks) sleppir til suðurs tekur við hæð, gróin mosa og lyngi og eru rof í henni hér og þar. Óljós rás gengur upp hlíðina en vatn hefur runnið í henni og grafið hana niður og því ekki hægt að fullyrða hvort þar er



*Götutroðningur upp úr Stóradal v/ NA-hluta Stóra-Meitiðs, horft í norðvestur.*

gata eða ekki. Í framhaldinu er ekki hægt að merkja samfelldar götur fyrr en komið er nær Lágaskarði. Allt bendir til þess að um tvær leiðir þangað hafi verið að ræða eftir að komið er framhá hnúkunum tveimur. Annars vegar hafi verið farið beint í suður, upp að rótum Stóra-Meittils að norðvestanverðu, um djúpan dal sem þar er. Þarna sést votta fyrir götuslóðum og eins upp úr dalnum, sem sennilega er syðsti hluti Stóradals skv. örnefnakorti Ingólfs Einarssonar, en þar er greinilegur troðningur í malarbakka. Í framhaldinu er stígur sem fylgir fjallsrótunum til suðurs á bilinu 50-150 m vestar en aðalleiðin um Lágaskarð. Hins vegar benda troðningar í svonefndum Hellum í Lágaskarði til þess að flestir hafi farið heldur austar og skal nú sagt frá því.

Út frá Stóra-Meitli liggur breiður malarhryggur um 1,2 km til norðausturs. Hann mjókkar smám saman og lækkar eftir því sem norðaustar dregur og endar í dálitlum klettakambi sunnan við Lágaskarðshnúk. Ekki sjást greinileg merki um götur á hryggnum eða við hann en sennilega hafa þær legið yfir hann um miðbikið eða mögulega krækt fyrir hann norðanverðan og legið til suðurs með austurhliðinni. Í það minnsta sést slóð utan í hryggnum austanverðum í beinu framhaldi af slóðinni í Hellunum svonefndu, en það eru sléttar klappir í sjálfu Lágaskarði, austan við Stóra-Meiti. Þegar þangað er komið tekur lega leiðarinnar að skýrast mjög mikið. Í skarðinu eru fimm vörður sem verður sagt frá í lok lýsingarinnar. Tæpum 250 m norðan við nyrstu vörðuna (A)



*Götur í Hellum í Lágaskarði skammt frá vörðu A, horft í norður.*

sést rás í klapparhellum, væntanlega mörkuð af járnuðum hestshófum á löngum tíma. Þetta er einföld slóð, allt að 10-15 cm breið og mest um 5 cm djúp. Ekki er hún samfelld en víða greinileg á nokkurra metra bili í senn. Þess á milli sést hún aðeins sem slit í hrauninu. Víða sjást sambærilegar slóðir sunnar, á svæði sem er um 1,5 km langt frá norðri til suðurs. Mest áberandi eru rásirnar á svæðinu sem fyrr greinir en einnig sunnar, milli varða sem hér eru nefndar B og C. Þar sem ekki sjást eiginlegar rásir ber þó mikið á

götunni og því auðvelt að fylgja henni, enda er hraunið berstrípað af mosa og öðrum gróðri þar sem leiðin hefur legið. Enn er greinilega eitthvað um að farið sé ríðandi um Lágaskarð því þar sáust bæði för eftir hesta, ryðgaðar skeifur og hrossatað. Sömu leiðis sjást þar slóðir eftir torfæruhjól þótt ekki sé það í miklum mæli. Þar sem skarðinu sjálfu sleppir, sunnan við vörðu E, má áfram rekja leiðina en hún er nú aðeins einfaldur troðningur í grónum móa. 300-400 m sunnan við vörðu E liggur leiðin niður nokkuð bratta brekku og ber þar vel saman við lýsingu Steindórs Sigurðssonar frá 1936, niður í fremur þröngt skarð og þaðan um sléttar flatir uns komið er í Sanddali. Þeir eru blásnir og gróðursnauðir og sjást þar engar götur. Á loftmynd má rekja götur um 1,5 km sunnar eða suðaustar, milli hrauns og hlíðar undir Lönguhlíð, en ekki var farið svo langt á vettvangi. Þór Vigfússon getur um tvö tilbrigði við Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 2003. Annars vegar hefur verið hægt að fara vestar en í stefnu á Sanddali, þ.e. niður vestan við Eldborgir og þaðan til suðurs meðfram Meitilstagli austanverðu og suður á Þrengslaveg 060. Ummerki sjást víða um þessa leið, þ.e. götutroðningar og



sumstaðar í þeim jeppaför þótt ekkert bendi til að oft sé farið á bílum um þessar slóðir. Í þessu samhengi má benda á götu sem hér er skráð nr. 080 og hefur sennilega verið enn eitt afbrigðið. Í öðru lagi nefnir Þór að hægt hafi verið að fara austur Lakadal í stefnu á Hjallahverfi í Ölfusi. Erfitt er að rekja götur á jörðu niðri á þeirri leið, í það minnsta í sjálfum Lakadal en á loftmynd mótar ágætlega fyrir götum og eru þær sýndar á meðfylgjandi korti. Þór bendir á tvö örnefni á leiðinni sem minna á samgöngur, þ.e. Vegarbrekkur og Vörðuhól.

Við Lágaskarðsleið voru skráðar fimm vörður. Sú nyrsta, A, er skammt sunnan við vesturenda sandhryggjarins sem gengur til norðausturs frá Stóra-Meitli. Hún er á litlum hól vestan götunnar, mikið mosagróin vörðunibba, rúmlega 0,5 m há og ekki vel hlaðin. Fjórir steinar eru efstir og ekki mosagrónir, ekki ólíklegt að þeir séu 20. aldar viðbót. Varða B er um 280 m sunnar, um 6 m vestan við götuna. Hún er einföld og allt annarrar gerðar en varða A. Sex hraunhellum af svipaðri stærð hefur verið staflað upp og nokkrir minni steinar verið settir ofan á. Þessi varða er um 0,6 m há. Varða C er um 530 m suður af B, skammt austan götunnar og virðist gatan sveigja dálítið sunnan við hana. Varðan er óregluleg, hrúgað saman úr úr hraungrýtishnullungum og mjög mosavaxin. Hún er 0,6-0,7 m há og mjókkar upp á við. Hér má geta þess að á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar er merkt "Folaldavarða" á þessum stað eða jafnvel heldur austar, við mynni Lakadals. Engin önnur varða fannst sem passar betur við þá merkingu og mögulegt að Folaldavarða sé einmitt sú sem hér aftar er nefnd C - eða varða sem er hrunin en hefur vísað inn Lakadal. Varða D er um 370 m sunnan við C og um 10 m vestan við götuna. Hún er hlaðin uppi á brún þar sem farið er upp úr skarðinu til suðurs og hefur sennilega helst gagnast fyrir þá sem voru á suðurleið. Varðan er mjög einföld að gerð, smáhraungrýtishrúga og hafa 3 hellur verið lagðar ofan á. Hún er töluvert mosavaxin og um 0,5 m há. Að lokum er varða eða leiðarmerki E um 100 m suður af vörðu D, fast vestan við götuna. Þetta er aflöng hella,




*Varða A, gatan sést vel austan við hana.  
Horft í norður.*



*Varða B, horft í suður.*



*Varða C, horft í vestur.*



*Varða D, horft í norður.*



*Varða E, horft í suður.*

0,6-0,7 m há, sem hefur verið reist upp á rönd og sést vel að, einkum ef komið er úr norðri. Hugsanlega er hún á hæsta punkti leiðarinnar, í það minnsta hallar bæði niður til suðurs og norður frá staðnum. Ómögulegt er að segja hvort hellan hefur staðið lengi eða verið reist á 20. eða jafnvel 21. öld. Nokkrir steinar hafa verið settir við neðri hlutann til stuðnings en virðist þó ekki þurfa mikið átak til að hún falli á hliðina. Hér í lokin má geta þess að suðurhluti leiðarinnar kann að hafa kvíslast suðaustan við Eldborgir, enda sést gata (080) sem liggur A-V þar sunnan við borgirnar. Ekki er ólíklegt að

ferðamenn sem ætluðu á bæi vestarlega í Ölfusi, jafnvel í Selvog, hafi kosið þá leiðina og þá farið niður með Meitilstagli að austan, eins og leiðin sem Þór Vigfússon segir frá.

**Heimildir:** SSÁ, 205 og 236; Ö-Afr.Ölf. 9; ÁFÍ 1936, 116-118; SB III, 198; ÁFÍ 2003, 44; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Herföngjaráðskort frá 1909

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**ÁR-721:025** Hveradalaflöt heimild um áningarstað

6400.935N 2123.541V

"Í litlum hvammi rétt ofan við Skíðaskálann eru Hverar þeir sem dalirnir eru við kenndir. Móts við þá er allstór grasflöt sem nær að Lakahnúkum. Hún heitir Hveradalaflöt. Þar áðu ferðamenn hestum sínum áður en þeir lögðu á Hellisheiði, og er þeir komu af heiðinni," segir í örnefnaskrá. Þjóðvegur 1 liggur þvert yfir Hveradalaflöt, sem er slétt grasflöt sem nær frá skíðaskálanum í Hveradölum norðan við veginn og að hnúkunum sunnan við hann. Flötin er allt að 500 m löng frá norðri til suðurs en innan við 200 m á breidd.

Slétt grasflöt milli hálfgróinna hliða heiðarinnar að austan og hrauntagla að vestan. Mosi í grasrótinni og grasið ekki þétt.

**Skráning 1998:** Fyrir utan þjóðveginn hafa hús verið byggð á flötinni, fyrir utan skíðaskálann og mannvirki í kringum hann, eru sunnan við veginn skátaskáli og allstór braggi og aðkeyrslur að þessum byggingum. Allt að fjórðungur flatarinnar er því horfin undir mannvirki. Á Hveradalaflöt hefur sennilega ekki verið reglulegur áningarstaður fyrr en þjóðvegurinn var lagður sunnan við Reykjafell yfir flötina 1894. Fyrir þann tíma hafa varla margir átt þar leið um nema þá helst þeir sem fóru Lágaskarðsveg. **Skráning 2007:** Aftur var gengið um flötina í sambandi við skráningu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Engar mannvistarleifar sjást þar en slóði liggur frá henni meðfram hraunbrún til suðvesturs áleiðis í Lágaskarð (sjá leið 015). Hann virðist aðallega myndaður af fjórhjólum og/eða torfæruhjólum en þó líklegt að gamlar götur leynist undir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hellisheiði, 2

Í lýsingu Eiríks Einarssonar segir: "Þrengslaleið, frá Breiðabólstað austan Krossfjalla, inn með Meitlum á þjóðveg neðan við Neðri Hveradalabrekku." Veginum er lýst í grein í Farfuglinum 1975: "Þrengslavegurinn gamli lá út af þjóðveginum neðan við Neðri-Hveradalabrekku, og áfram suður með Gráuhnúkum að vestan. Er Þrengslahnúkur á vinstri hönd, þegar sú leið er farin austur í Ölfus. Skarðið milli Gráuhnúka (Meitla) og Lambafells heiti rþrengsli þar sem það er þrengst. Syðst austan við Þrengsli er syðsti Gráhnúkurinn, og er nokkuð sérstakur... Þrengslavegurinn gamli lá suður með Meitlum, vestan við Eldborgarhraun, vestan Krossfjalla, niður um Löngudali, niður hjá Grislingahlíð að Litlalandi. Ef til vill hefur einnig verið farið um Pumpuskarð í Krossfjöllum, niður í Torfdal og niður að Vindheimum." Gamla Þrengslaleiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909 og liggur þar skammt austan við núverandi Þrengslaveg, undir vesturhlíðum Meitla, síðan austan Sandfells en vestan Krossfjalla og kemur þar saman við aðra leið sem lá frá Fjallinu eina. Áfram liggur svo vegurinn til suðurs, að bænum Litlalandi skv. kortinu.

Leiðin hefur að mestu verið greið, í fyrstu legið um sannkölluð þrengsli milli hrauns og hlíðar undir vesturhlíðum Meitla og síðan um grónar grundir allt að Meitilstagli. Leiðin var rakin að Meitilstagli.

Nyrsti hluti leiðarinnar hefur legið frá Kolviðarhóli og þaðan til suðurs, vestan við Þrengslahnúk, þar sem nú er niðurrennslissvæði

Hellisheiðarvirkjunar norðan og norðvestan við Þrengslahnúk og Gráuhnúka. Þar er slétt, hrauni þakið svæði. Sennilega hafa menn ýmist farið með vestur- eða austurbrún hraunsins, í það minnsta mótat óljóst fyrir slóðum á báðum stöðum á loftmynd. Þegar komið er að Þrengslahnúk er aðeins um eina leið að ræða, en það er þröng kverk sem liggur til suðurs milli hrauns og hlíðar, þ.e. Svínahrauns og Gráuhnúka. Kverk þessi er lítið gróin og víðast hvar mól í botni hennar. Hraunbrúnn að vestanverðu



*Leiðin um Þrengsli í kverkinni milli Svínahrauns og Gráuhnúka. Horft í suður.*

er allt að 2-3 m há og hraunið hlýtur að teljast nær algerlega ófært, enda mjög úfið. Annars hefur Þrengslaleiðin verið mjög greið og sennilega ekki villugjarnt á henni, enda hefur fjallshlíðinni verið fylgt alla leið að Meitilstagli. Ekki sjást götuslóðar í hraunkverkinni en þar sem henni sleppir, hér um bil til móts við malarnámur í Lambafelli, eru grónar grundir og má fylgja götuslóðum nær óslitið allt framhjá Þorlákshafnarseli ÁR-544:041 og allt að Meitilstagli. Ekki sjást neinar vörður á þessari leið. Hvergi sjást mjög djúpir troðningar, bara götur sem eru að mestu grónar. Rétt er að geta þess að í hvammi sem líklega er Stórhvammur skv. örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969 sést gróin rás liggja skáhallt upp á fjall í skriðu. Mikið ber á henni, enda er skriðan dökk og einsleit en rásin, sem líkist götu, sker hana sundur eins og græn lína, enda vex þar gras og mosi. Þegar



upp er komið sést að fyrirbærið líkist meira ruðningi. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður á Selfossi grennslaðist fyrir um málið og kom í ljós að förin eru eftir jarðýtu og voru sennilega gerð nálægt miðri 20. öld.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr); Farfuglinn 19(1), (1975), 12-13; Herforingjaráðskort frá 1909; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar


ÁR-721:078 Kvíar tóft rétt

6358.435N 2125.481V



Réttartóft í Kvíum, horft í vestur. Litli-Meitill í baksýn.

Til er örnefnakort af afrétt Hjallasóknar, varðveitt á Örnefnastofnun. Inn á það eru merktar "Kvíar" austan við Litla-Meitil en norðan við Eldborgarhraun. Í grein í Farfuglinum 1975 segir: "Suðaustan undir Syðra-Meitli er stór grasflöt sem heitir Meitilflöt. Austur úr henni verður hvílt inn í hraunið. Hún heitir Kvíar. Þar er fjárrétt, sem notuð hefur verið við vorsmalanir." Kvíaheitið á við myndarlega hrauntröð með grasi grónum botni sem er allt að 30 m breið og rúmlega



400 m löng og liggur frá norðri til suðurs. Væntanlega er kvíanafnið til komið vegna náttúrulegrar umgjörðar og vafalaust hefur staðurinn hentað ágætlega sem aðhald ef svo bar undir. Lítil, grjóthlaðin rétt er upp við vestari hraunvegginn skammt frá suðurenda traðarinnar. Á þessum stað er hraunbrúnninn allt að 2-3 m á hæð. Botn traðarinnar er grasi gróinn og sléttur. Greinilega er um ungt mannvirki að ræða en þó er ekki hægt að útiloka að það sé byggt upp úr eldra aðhaldi. Réttin er grjóthlaðin á tvær hliðar en hraunbrúnninn lokar fyrir að vestan. Alls er réttin um 5,5 x 5 m stór, op snýr í suður. Veggjahleðslur eru fremur óvandaðar, mest 5-6 umför af hleðslum og er hæðin mest um 0,7 m. Mikið timburbrak er bæði inni í réttinni og við hana, sérstaklega að norðanverðu, og standa ryðfrír naglar upp úr timbrinu. Þá hefur gulleitri kvoðu verið sprautað

inn á milli hleðslna á nokkrum stöðum, væntanlega til þéttingar og/eða til að halda grjótinu betur saman. 30-40 m norðaustur af réttinni eru hálfyfirgrónir staurar í hrúgu, gæti verið gamalt girðingarefni. Þór Vigfússon getur þess í Árbók Ferðafélagsins 2003 að þarna hafi verið rúði í vorsmölun. Þess má geta að tæpa 30 m suðvestur af réttinni er hraungjóta, jafnvel hellir, fast utan við enda Kvíanna. Í henni er mikið spýtnabrak.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Farfuglinn 19(1), (1975), 12; ÁFÍ 2003,

**ÁR-721:079** hleðsla óþekkt

6358.390N 2125.513V

Í sléttum bolla tæpa 90 m suður af rétt í Kvíum 078 er lítill hleðsla, hugsanlega frá 20. öld.

Sléttur og grösugur bolli, lægri en grundin vestan við en girtur hraunbrún að sunnan, austan og norðan.

Hlaðið hefur verið í lítinn hring ofan í bollanum og er hleðslan um 1 m í þvermál, 1-2 umför og talsvert mosagróin. Þó grillir í viðarleifar undir mosanum og sýnast brunamerki á viðnum. Sennilega er þetta eldstæði gangamanna eða jafnvel skáta og gæti vel verið frá 20. öld.

**Hættumat:** engin hætta



*Hleðsla 079 er hægra megin við skuggamyndina. Horft í vestur.*

**ÁR-721:080** gata leið

6358.785N 2124.905V

Greinileg gata sést undir Eldborg að sunnanverðu. Hún liggur frá austri til vesturs og sést fyrst skammt norðan við borholustæði HK-11 sem er sunnan undir Eldborg.

Lynggrónar brekkur og móar. Hraun hefur runnið næstum alveg upp að brekkurótum en gatan liggur þar í kverkinni. Gatan er víðast hvar einföld og allsstaðar auðrekjanleg. Henni má fylgja tæpa 500 m til austurs.

Ekki er hægt að skera úr um hvort hún er að mestu leyti eftir kindur en ein varða var skráð við leiðina, um 200 m austan við borholuna og bendir hún til mannaferða. Varðan er einföld og ekki mjög áberandi, nokkrir steinar í hrúgu og flöt hella þar ofaná. Það kemur ekki sérstaklega á óvart að sjá götu á þessum stað, enda er leiðin greið milli hrauns og hlíðar. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið afbrigði af Lágaskarðsleið 015, t.d. ef menn sem komu að norðan vildu taka stefnuna í suðvestur, í Selvog, fremur en niður á bæina austar í Ölfusi. Þá hafa þeir líklega farið meðfram Meitilstagli austanverðu.

**Hættumat:** engin hætta



*Vörðubrot við götu 080, Litli-Meitill í baksýn. Horft í vestur.*


**ÁR-721:081** tóftir óþekkt

6358.511N 2124.521V

Tvær rústir eru í Sanddölum vestanverðum, rúmum 100 m austan við skarpa brún sem fer hækkandi til norðurs og markar dalina til vesturs. Rústin sem er suðaustar er 15-20 m vestan við lágan en kúptan og alláberandi sandhól. Þetta er tæpa 700 m austur af miðjum Kvíum (sjá 078), en það er stór og mikil hrauntröð austan við Litla-Meitil en sunnan við Eldborgir. Sandblásnir dalir, í þeim er varla stingandi strá.



*Rúst A í Sanddölum, horft í suðaustur.*




*Rúst B í Sanddölum, horft í austur.*

Báðar rústirnar eru litlar. Sú sem er sunnar er hér nefnd A. Hún er einföld og hlaðin á þrjár hliðar en opin í norðvestur. Suðvesturhlið er mynduð úr tveimur stórum steinum sem hafa verið reistir upp á rönd en hinar hliðarnar eru hlaðnar. Hleðslur eru óvandaðar, mest um 3 umför af grjóti og hæð mest um 0,4 m. Alls er rústin um 3 x 2 m stór frá norðvestri til suðausturs. Brotinn og mosavaxinn kindakjammi fannst rúmum 1 m framan við dyraopið og var að hluta á kafi í sandi. Hann gæti verið úr sjálfdaðri kind en bendir þó hugsanlega til að nesti hafi verið borðað í kofanum. Rúst B er um 40 m norðvestar. Það er bogadregin hleðsla, 4-5 m löng, opin í norðvestur eða vestur. Virðist sem grafið hafi verið niður og síðan hlaðið upp á austurbakka niðurgraftrarins. Nælonreipi gægist upp úr botninum og einnig liggur þar plastdós sem sennilega hefur fokið ofan í dældina. Erfitt er að giska á aldur rústanna eða tilgang. Sanddalir virðast ekki ákjósanlegir sem áningarstaður og op rústanna snúa nánast beint upp í norðanrokið. Giska mætti á að hér hafi skýli verið hlaðin í neyð af ferðamönnum, enda

ekki langt frá Lágaskarðsvegi, og þá e.t.v. aðeins notuð í eitt skipti.

**Hættumat:** engin hættu





**ÁR-721:082** hleðsla óþekkt

6359.774N 2124.750V

Óljós upphækkun, hugsanlega hleðsluleifar, er á flöt austan undir Stóra-Meitli skammt vestan við götuna um Lágaskarð 015. Hleðsla þessi er sunnan undir staðnum þar sem Stóri-Meitill teygir sig lengst í austur, hér um bil til móts við mynni Lakadals. Slétt flöt og grasgefin. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið áningarstaður ferðamanna, enda sker hún sig úr hrjóstrugu umhverfinu. Gata liggur um hvamminn um 10 m neðan eða austan við upphækkunina sem er



*Möguleg hleðsla undir Stóra-Meitli, horft í austur.*

18-19 m langt austur-vestur. Upphækkunin/pústin er mjög sigin en þó nokkuð regluleg, rúmlega 1 m breið og 0,2 m há, algróin og ekki sést grjót í henni. Frá báðum endum liggja stubbar til suðurs eða suðausturs en enda báðir eftir fáeina metra. Má vera að jarðvegur hafi þar troðist burt þar vegna umferðar manna og hrossa. Erfitt er að útiloka að upphækkunin geti verið til komin vegna jarðsigs eða frostverkana en þó virðist hún óvenju regluleg og líkist hluta af nokkuð stóru gerði.

**Hættumat:** engin hætta

**Skrá yfir hnit í landshnitakerfi (ISN93):**

|              |           |           |
|--------------|-----------|-----------|
| 544041 I     | 379989.27 | 387452.52 |
| 544041 II    | 379933.26 | 387411.69 |
| 544044       | 380048.84 | 387694.13 |
| 544045       | 379808.8  | 388011.29 |
| 544046       | 380095.39 | 387557.84 |
| 721015A      | 382056.1  | 391112.22 |
| 721015B      | 382113.89 | 390832.34 |
| 721015C      | 382096.34 | 390302.37 |
| 721015D      | 382079.77 | 389933.94 |
| 721015E      | 382063.4  | 389836.9  |
| 721025       | 383024.33 | 392470.58 |
| 721060       | 379840.56 | 390890.73 |
| 721078       | 381265.98 | 387887.43 |
| 721079       | 381236.79 | 387806.36 |
| 721080       | 381760.25 | 388519.56 |
| 721080 varda | 381497.14 | 388593.33 |
| 721082       | 381957.09 | 390352.08 |
| 72181A       | 382053.93 | 387999.26 |
| 72181B       | 382032.63 | 388035.55 |



## Heimildir

**ÁFÍ 1936:** Steinþór Sigurðsson og Skúli Skúlason. „Austur yfir fjall.“ Í: *Árbók Ferðafélags Íslands* 1936. Reykjavík.

**ÁFÍ 2003:** Þór Vigfússon. „Í Árneshöfði vestanverðu.“ Í: *Árbók Ferðafélags Íslands* 2003. Höfundur Þór Vigfússon. Reykjavík.

Birna Lárusdóttir. 2006. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði. FS327-06261. Fornleifastofnun Íslands.

Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr.).

Farfuglinn 19 (1). Bandalag íslenzkra farfugla, 1975.

Herforingjaráðskort frá 1909. Kortablað 37: Hengill. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn.

**JÁM II:** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II. bindi. Kaupmannahöfn 1943.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Orri Vésteinsson. 1998. Fornleifa á afrétti Ölfushrepps. FS064-97013. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

**Friðlýsingarskrá:** Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

Rannsóknaboranir við Litla-Meiti, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um framkvæmdir. Júlí 2007. VGK-Hönnun.

Rannsóknaborun við Gráuhnúka, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um framkvæmdir. Júlí 2007. VGK-Hönnun.

**SB III:** *Sunnlenskar byggðir* III, Selfossi 1983.

**SH I:** Skúli Helgason. 1988. *Saga Þorlákshafnar I: byggð og búendur*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

**SSÁ:** Árnessýsla. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson*, Rv. 1979.

**Örnefnakort Ingólfs Einarssonar:** Afréttur Hjallasóknar. Skálafell, Hellisheiði, Reykjafell, Svínahraun, Sauðadalir, Lambafell, Meitlar. Kort gert af Ingólfi Einarssyni með hjálp ýmissa heimildamanna 1969. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Afr.Ölf.:** *Afréttur Ölfushrepps* eftir Þorstein Bjarnason frá Háholti (Lbs 2857 4to), Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hellisheiði: *Hellisheiði*, Eiríkur Einarsson skráði 26.8.1968, Örnefnastofnun.

## **Fyrri fornleifaathuganir á afrétti Ölfushrepps**

Adolf Friðriksson og Uggi Ævarsson. 2003. Greinargerð um fornleifar hjá Hellisheiðarvirkjun. Verknr. 0115. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. 2003. *Fornleifakönnun á Hellisheiði vegna virkjunar*. FS216-03101. Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2006. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði. FS327-06261. Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. FS064-97013. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.


Oddgeir Hansson. *Greinargerð um fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls, Hverahlíð*. Greinargerð dags. 07.05.2005, verknr. 0504. Fornleifastofnun Íslands.






Kort 1: Fyrirhuguð rannsóknahola (C) og vegarstæði við Gráuhnúka. VGK-Hönnun.






Kort 2: Fyrirhugaðar rannsóknaholur og vegarstæði við Meitilstagl (A) og Eldborg (B).  
VGK-Hönnun.






Kort 3: Yfirlitskort af fornleifum á skráningarsvæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.





Kort 4: Fornleifar á suðurhluta svæðisins. Loftmynd: Loftmyndir ehf.





Kort 5: Fornleifar á norðurhluta svæðisins